

HOLTAMANNAAFRÉTTUR

Útivist og afþreying

Leiðarlýsingar fyrir reiðleiðir



Í vinnslu 31. maí 2010



MEGIN REIÐLEIÐIR

1 BÚÐARHÁLS 94 KM

Megin reiðleiðin á Holtamannaafreitti liggur frá Kláfferjunni yfir Tungnaá, eftir Búðarhálsi, framhjá Kjalvötunm og í Versali. Þaðan fyrir austan Kvíslaveitu um Ölduver á Hágönguleið og inn á Háumýrar. Hægt er að skipta leiðinni í eftirfarandi áfanga og eru áningarhólf við upphafs og endastað:

Kláfferja – Hvanngiljahöll 24 km

Leiðin liggur frá Kláfferju á Tungnaá eftir vegslóða inn Búðarháls. Af Búðarhálsi er feikna gott útsýni og sést þaðan til 6 jökla á góðum degi.

Hvanngiljahöll – Versalir 30 km

Leiðin fylgir vegslóða frá vegamótum norðan við Búðarháls, framhjá Kjalvötnum að vegamótum norðan Kjalvatna að Versölum.

Versalir – Ölduver – Háumýrar 40 km

Frá Versölum er farið austur fyrir Kvíslaveitu, milli Stóravers og Þveröldu. Áfram um Ölduver, Svörtubotna, Tunnuver og á Hágönguleið. Þar er farið vestur fyrir Kvíslaveitu að Hreysiskvísl og að Háumýrum. Frá Háumýrum er hægt að fara annað hvort áfram norður Sprengisand eða til austurs í Nýjadal.

AÐRAR REIÐLEIÐIR

2 VAÐFIT - HRAUNEYJAR 20 KM

Gönguleið frá Hrauneyjum með Tungnaá að Kláfferjunni yfir Tungnaá, með farvegi Tungnaár framhjá Fremra-Haldi, Tangavaði og Ármótafossi að Þjórsá. Áfram niður með Þjórsá að Sultartangavirkjun. Við Hald var áður ferjustaður á Tungnaá, þar yfir var ferjaður fyrsti bíll sem fór yfir Sprengisand árið 1933. Við Tangavað var bílvað á Tungnaá, fannst það um 1950. Fyrir myndun Sultartangalóns féll Tungnaá í Þjórsá í Ármótafossi.

3 HÁLSAMÓT 14 KM

Reiðleið á eða við veginn frá leitarmannahúsinu á Þóristungum yfir Köldukvísl á Trippavaði og um Hálsamót upp á Búðarás.

4 KLIFSHAGAVELLIR - VERSALIR 28 KM

Klifshagavellir - Fagrifoss 5 km

Göngu- og reiðleið frá Klifshagavöllum með gljúfri Köldukvíslar að Fagrafossi í Köldukvísl.

Fagrifoss – Grjótakvísl 10 km

Göngu- og reiðleið með Köldukvísl frá Fagrafossi að Grjótakvísl.

Grjótakvísl – Versalir 13 km

Göngu- og reiðleið með Grjótakvísl, um Grjótakvíslarbotna í Versali.

5 HRYGGJALEIÐ 20 KM

Reiðleið frá vegamótum norðan Kjalvatna. Fylgir vegslóða um svokallaða Hryggjaleið og þaðan austur fyrir Þúfuvötn að leitarmannakofanum Gásagusti.

6 KJÖLUR 13 KM

Reiðleið frá Versölum að leitarmannhúsinu Gásagusti.

7 MIKLAKVÍSL - NÝJDALUR 18 KM

Reiðleið sem fylgir vegslóða frá Háumýrum að Nýjadal.



HEIMILDIR

Bragi Sigurjónsson 1983. Göngur og réttir I, Skaftafells og Rangárvallasýslur. Bls 300-343.

Eimreiðin 1903, 9 árg. 2 tbl. Sprengisandur. Bls. 125-140.

Guðmundur Guðni Guðmundsson 1970. Saga Fjalla-Eyvindar. 248 bls.

Pálmi Hannesson og Jón Eypórsson 1950. Hrakningar og heiðarvegir II. Bls. 223-274.

Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri 2009. Aðalskráning í Ásahreppi Rangárvallasýslu 2006-2008, II bindi. Bls 108-131.